



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 14. febrúar 2019

USK2019010002

6.6.0

Borgarráð Reykjavíkur

### ***Fyrirspurn Flokks fólksins um útboð á jólaskreytingum***

Vísað er til fyrirspurnar Flokks fólksins, dagsetta 31. janúar 2019, varðandi útboð vegna jólaskreytinga í borginni sem hljóðar svo: „Óskað er eftir upplýsingum um hvort jólaskreytingar hafi verið boðnar út?“

Verkefnið um jólaskreytingar er ekki boðið út þar sem það er á verkefnaskrá hverfastöðva skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins (SRU) líkt og svo mörg önnur verkefni er varðar borgarlandið. Verkefninu er tvískipt í meginatriðum, annars vegar er það uppsetning jólatrjáa í borgarlandinu og hins vegar jólasreytingar í miðborginni. Starfsfólk hverfastöðvar austur sjá um uppsetningu jólatrjáa í borginni og setur seríur á trén. Trén eru fengin frá austurheiðum borgarinnar þar sem hefur verið ræktaður barrskógur undanfarna áratugi en starfsmenn Útmerkur hjá SRU sjá um að fella trén.

Í miðborginni er jólaskraut sett upp af starfsfólki hverfastöðvar vestur. Þetta er stórt og viðamikil verkefni. Seríur og annað jólaskraut er aðkeypt eftir þörfum og keypt með eins hagkvæmum hætti og unnt er. Stærri hluti þess fjármagns sem varið er í þetta verkefni, eða að meðaltali um 62% undanfarin 3 ár, fellur til vegna eigin vinnu starfsmanna við verkefnið.

Jólaskreytingar í borginni byggja á áratuga hefð um skreytingar, sérstaklega á miðborgarsvæði, og eru í samræmi við hefðir annarra borga víðsvegar um heiminn. Skemmtilegar og vel útfærðar jólaskreytingar vekja gleði borgarbúa og auka jákvæða upplifun ferðamanna á borginni í dimmasta skammdeginu.

Virðingarfyllt,

Hjalti J. Guðmundsson,  
skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins